

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
27.06.2019	17:00	HT stofa 101	2
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Jóna Þórey Pétursdóttir	Helga Lind Mar		27.06.19
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
Ingveldur Anna Sigurðardóttir (IAS) (V)			
Lilja Guðmundsdóttir (LG) (R)			
Margrét Ósk Gunnarsdóttir (MÓK) (V)			
Tinna Líf Jørgensdóttir (TLJ) (R)			
Úlfur Traustason (ÚT) (V)			
Viktor Örn Ásgeirsson (VÖÁ) (R)			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
Azra Crnac (AC)			
Eyrún Baldursdóttir (EB)			
Freydís Þóra Þorsteinsdóttir (FÞÞ)			
Jóna Margrét Hlynsdóttir Arndal (JMHA) (V) fyrir Ragna Kristín Guðbrandsdóttir (RKG)			
Vigdís Ólafsdóttir (VÓ)			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
Bjarnveig Björk Birkisdóttir (BBB) (V) fyrir Derek Terell Allen (DTA) (V)			
Ragnhildur Þrastardóttir (RÞ) (R)			
Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir (ÞEM) (R) fyrir Þórdís Dröfn Andrésdóttir (ÞDA) (R)			
Þórhildur Elísabet Þórsdóttir (ÞEP) (R)			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir (AÓS) (R)			
Björnfríður S Björnsdóttir (BSB) (V)			
Kolbrún Lára Kjartansdóttir (KLK) (V)			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
Aðalbjörg Egilsdóttir (AE) (R)			
Ásmundur Jóhannsson (ÁJ) (R)			
Einar Halldórsson (EH) (V)			
Jessý Rún Jónsdóttir (JRJ) (R)			
<u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u>			
Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs (JÞÞ)			
Marínó Örn Ólafsson, lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs (MÖÓ)			

Guðjón Björn Guðbjartsson, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs (GBG)

Helga Lind Mar, framkvæmdastýra Stúdentaráðs (HLM)

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvísindasvið:

Róbert Ingi Ragnarsson (RIR) (R)

Heilbrigðisvísindasvið:

Hugvísindasvið:

Dagur Fannar Magnússon (DFM) (R)

Menntavísindasvið:

Hrannar Rafn Jónasson (HRJ) (V)

Sigurður Vopni Vatnsdal (SVV) (R)

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Guðrún Karitas Blomsterberg (GKB) (V)

Dagskrá fundarins:

Fundardagskrá er birt með fyrirvara um breytingar

- [Fundargerð síðasta fundar og fundargerð kjölfundar bornar upp til samþykktar \(atkvæðagreiðsla\) 17:00-17:05](#)
- [Kynning á tilnefningum stúdenta í stjórn FS 17:05-17:45](#)
- [Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:15](#)
 - [Nýr framkvæmdastjóri Stúdentaráðs](#)
 - [Samskipti við rektorsskrifstofu](#)
 - [Aurora ráðstefnan](#)
 - [Stefnumótunarferð SHÍ](#)
 - [Akkerisfundur HÍ](#)
 - [Sálfræðiráðgjöf fyrir SHÍ liða](#)
 - [Októberfest](#)
 - [Hagsmunaskrá Stúdentaráðs](#)
 - [Stuðningsyfirlýsing ESU vegna aldursgreininga hælisleitenda](#)
- [Fulltrúi í alþjóðanefnd og varafulltrúi á Hugvísindasviði \(atkvæðagreiðsla\) 17:15-17:20](#)
- [Tilnefning Stúdentaráðs í ráð um málefni fatlaðs fólks sbr. 12. gr. reglna um sértæk úrræði í nám \(atkvæðagreiðslur\) 17:20-17:25](#)
- [Ráðning starfsmanns í stöðu tengiliðs Októberfest \(atkvæðagreiðslur\) 17:25-17:40](#)
- [Lánasjóðsfrumvarp í samráðsgátt \(umræður\) 17:40-18:50](#)
- [Hlé 18:50-19:00](#)
- [Lánasjóðsfrumvarp í samráðsgátt \(atkvæðagreiðslur\) 19:00-19:15](#)
[Frestað](#)
- [Kynning á tilnefningum stúdenta í stjórn FS 19:15-19:45](#)
- [Önnur mál 19:45-20:00](#)

Fundur Stúdentaráðs 27. júní 2019 kl 17:00 í HT-101

1. Fundargerð síðasta fundar og fundargerð kjörfundar bornar upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Einróma samþykkt.

Breyting á dagskrá að frumkvæði JPP. LÍN umræða fellur út sökum skorts á frumvarpi og umræða um tilnefningu SHÍ í stjórn FS flyst í dagskrálið tvö.

Einróma samþykkt.

2. Kynning á tilnefningum stúdenta í stjórn FS 17:05-17:45

- JPP kynnir aðdraganda að skipun. Tveir af þremur fulltrúum eru mætt hér á fund.
- Elísabet Brynjarsdóttir og Pétur Marteinn Urbancic Tómasson kynna sig og sín störf en þriðji fulltrúinn, Brynhildur Bolladóttir er fjarverandi.
- MÓG spyr hvaða verkefni það séu sem brenna helst á þeim. PM talar helst um að skipulags- og byggingamál séu sér hjartans mál og þ.a.l. Stúdentagarðarnir. Síðan líka litlir hlutir eins og fjölbreyttari vegan matseðil. EB1 talar um stúdentagarða og þá að skapa jafnvægi á milli þess hversu margar umsóknir koma inn um íbúðir og hversu margir fá úthlutað. Það skiptir máli að nemendur hafi öruggt húsnæði - fólk er í mismunandi aðstæðum. EB1 telur mikilvægt að fara yfir úthlutunarreglurnar. Vill minnka plast á öllum vettvöngum. En mikilvægast að SHÍ hafi greiðan aðgang að sínum fulltrúum í stjórn.
- IAS spyr hvort að það sé öruggt að EB1 sé hlutlaus gagnvart Vöku/Röskvu málefnum. EB1 segir að hún muni passa það mjög vel.
- EB er með söma spurning til PM. Hann segir að það sé auðvitað þannig. Hann hafi verið í stjórn Vöku á sínum tíma og líka unnið á Röskvu skrifstofu.
- JPP ítrekar að jafnt sé tekið á bókunum og tillögum sem hljóta meirihluta innan SHÍ sama frá hverjum þær berast.
- MÓG spyr hvort það sé á döfinni að koma með reglulegri uppfærslur frá þessum fulltrúum? JPP segir að það sé planið að fá þau inn á einn fund á hvorri önn - EB1 segir að hún hafi verið áheyrnafulltrúi í fyrra en hún sé að hugsa mikið um það hvernig hún vilji bæta boðleiðirnar til SHÍ liða. Ætlar að kanna betur hvað það er sem er trúnaðarmál og hvernig hún geti komið áfram því sem má tala um.

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:15

- a. Nýr framkvæmdastjóri Stúdentaráðs
 - Klappþema kynnt.

- Helga Lind Mar hefur verið ráðin inn sem framkvæmdastýra SHÍ og var kjörin ritari stjórnar á síðasta fundi hennar og þ.a.l. er hún ritari Stúdentaráðs. Hún mun því sjá um fundargerðir hér eftir.
- b. Samskipti við rektorsskrifstofu
 - JPP verður með vikulega fundi með rektor kl. 14 á miðvikudögum. Fyrstu fundurinn í gær - JÞ afhenti honum formlega yfirlýsingu okkar um neyðarástand í loftlagsmálum og yfirlýsingu ESU um stuðning við SHÍ í aldursgreiningamálinu. Var farið yfir stöðu á ráðningu sálfræðinga og einnig var LÍN frumvarpið rætt lítillega.
 - Nú verði sumarfrí en þráðurinn tekinn aftur upp í september.
- c. Aurora ráðstefnan
 - Elísabet Brynjarsdóttir gerði mjög góða skýrslu þar sem farið er yfir allt sem viðkemur þessari ferð og ráðstefnunni og því óþarft að fara ítarlega í þennan dagskrárlið. Fundargestum bent á að lesa hana og þessvegna er ekki farið ítarlega í þennan dagskrálið.
 - Elísabet var endurkjörin forseti Aurora samstarfsnetsins og mun því sinna 20% starfi á skrifstofu SHÍ sem Aurora fulltrúi en samkvæmt samningi skrifstofunnar við Háskóla Íslands er 20% starfshlutfall frátekið í að sinnt sé stöðu stúdents í Aurora samstarfsnetinu.
- d. Stefnumótunarferð SHÍ
 - Allar upplýsingar ættu að vera komnar til SHÍ liða.
- e. Akkerisfundur HÍ
 - Stefnumótandi fundur fyrir skólann og fóru GBG og JPP.
 - Eftir fundinn sendi JPP Steinunni Gestsdóttur fyrirspurn um umhverfismál og kolefnisfótspor háskólans. Fengum þau svör að það væri búin að skipa í hóp um bílastæðamál, sem samþykkt var að yrði gert á Háskólaþingi, og þau málefni séu öll í vinnslu.
 - Ari Guðni er í skipulagsráði háskólaráðs og er og er því fulltrúi stúdenta í bílastæðahóp.
 - MÓG spyr út í þennan fund varðandi bílastæðamálin. JPP svarar að Ari Guðni hafi ekk komist ekki en HLM hafi mætt í hans stað og farið verði nánar út í þau atriði sem fram komu í stefnumótunarferðinni.
 - AE ítrekar að hún vilji fá fram skoðanir allra á hennar borði í stefnumótunarferðinni.
- f. Sálfræðiráðgjöf fyrir SHÍ liða
 - JPP útskýrir verklag í kringum þá sálfræðisþjónustu sem SHÍ liðar geta nýtt sér. Ef það koma upp erfiðleikar varðandi störf ykkar á vegum SHÍ og/eða

nefnda þá geta einsklingar leitað til þeirra og SHÍ fær nafnlausan reikning sem er greiddur af SHÍ og skrifstofan fær því aldrei vitnesku um hver sótti sér aðstoð eða um hvað málið snérist.

- Eyrún Baldursdóttir vill bóka:
- *Mig langar að hrósa skrifstofunni fyrir að koma til móts við stúdentaráð og leggja sitt af mörkum til þess að tryggja sem best vinnuumhverfi, andlega heilsu og almenna vellíðan Stúdentaráðsliða. Með því að auka aðgengi að sálfræðipjónustu er verið að stuðla að góðu samstarfi í Stúdentaráði þar sem öllum á að líða vel.*

g. Októberfest

- Listi frá stúdentum hefur verið sendur á verktakann sem þeir munu nota til að bóka gígg.
- Búið að festa eftir samtal við verktakana að hátíðin verður haldin 6. - 8. september.
- Á októberfest fer fram miðasala á vegum Stúdentaráðs sem fylkingarnar sjá um að manna auk þess að stúdentaráð kemur að uppsetningu tjaldsins og svæðisins sjálfs svo shí liðar þurfa að vera til taks í þeirri viku.
- Samningurinn við núverandi verktaka er gildur til 2021.

h. Hagsmunaskrá Stúdentaráðs

- Skv. Samkvæmt X. kafla laga Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ) ber að halda hagsmunaskrá SHÍ.
- Hagsmunaskráin skal gerð opinber og aðgengileg eins fljótt og auðið er á skrifstofu SHÍ og heimasíðu samtakanna, nema viðkomandi fulltrúi óski þess að undanskilja birtingu á sínum upplýsingum á heimasíðu. Þannig að meginreglan er allt opið - undantekningin er að það sé bara aðgengilegt á skrifstofunni.
- JPP ætlar að senda út hagsmunaskrá eftir þennan fund
- IAS - Spyr hvort það sé þá þannig að allir geti nálgast þessar upplýsingar um alla á netinu að meginstefnu til. JPP svarar að svo sé, ef SHÍ liðar vilja ekki að upplýsingar komi fram verða þær undanskildar.

i. Stuðningsyfirlýsing ESU vegna aldursgreininga hælisleitenda

- Var samþykkt einróma á landsþingi ESU og hefur nú verið birt.

4. Fulltrúi í alþjóðanefnd og varafulltrúi á Hugvísindasviði (atkvæðagreiðsla) 17:15-17:20

- Þórhildur Elísabet Þórsdóttir sagði sig úr Alþjóðanefnd. Tilnefnd Þórhildi Elínardóttur Magnúsdóttur í staðinn
 - ***Einróma samþykkt.***
- Stein Olav Romslo segir af sér sem varafulltrúi fyrir Dag Fannar Magnússon og er Evu Ragnarsdóttur Kamban tilnefnd í staðinn
 - ***Einróma samþykkt.***

5. Tilnefning Stúdentaráðs í ráð um málefni fatlaðs fólks sbr. 12. gr. reglna um sértæk úrræði í nám (atkvæðagreiðslur) 17:20-17:25
- JPP leggur til að þessi dagskráliður verði lokaður smkvæmt heimild í b lið 43. gr. laga stúdentaráðs
 - **20 samþykkt**
 - **RP + KLK sitja hjá**
 - *Hér verður því ekki gerð grein fyrir tillöggunni og verða tilgreindar umræður um dagskrárliðinn takmarkaðar.*
 - MÓG leggur til fundarhlé; gengið til kosninga um það.
 - **21 samþykkt**
 - **RP er á móti**
 - Fundi er því frestað um 5 mínútur
 - **Fundur hefst að nýju**
 - Að genginni kosningu er samþykkt að Margrét Lilja Arnheiðardóttir verðir tilnefnd fyrir hönd stúdenta í ráð um málefni fatlaðs fólks.
6. Ráðning starfsmanns í stöðu tengiliðs Októberfest (atkvæðagreiðslur) 17:25-17:40

27. júní 2019

Flutningsaðili: Skrifstofa SHÍ 2019-2020

TILLAGA

Lagt er til að Stúdentaráð auglýsi eftir starfsmanni í 30% stöðu til að sinna störfum vegna Októberfest, sem verður greitt eftir verktakafyrirkomulagi. Lagt er til að skrifstofu sé falið að auglýsa eftir starfsmanninum, halda utan um umsóknir og fara yfir þær. Skrifstofan mun í framhaldi leggja fram tillögu fyrir stjórn Stúdentaráðs, sem tekur ákvörðun um ráðningu á faglegum grundvelli eftir stöðluðum hæfnisramma.

Ákvörðun stjórnar Stúdentaráðs verður loks borin undir verktaka til staðfestingar.

Skýring:

Ofangreind tillaga er til þess að óska eftir staðfestingu Stúdentaráðs á samningsbundnum skyldum sínum en samkvæmt samningi Stúdentaráðs við Paxal ehf., Prime ehf. og Hlégarða ehf. segir: “Verktaki greiðir starfsmanni, sem tilnefndur er af SHÍ laun samkvæmt samkomulagi SHÍ og verkkaupa.”

Samkvæmt samningnum ber SHÍ að tilnefna slíkan starfsmann. Í fyrra var auglýst eftir

slíkum starfsmanni meðal allra stúdenta og ráðið í stöðuna og reyndist það vel. Samkvæmt Skýrslu Stúdentaráðs um Októberfest 2018 sem má finna í ársskýrslu Stúdentaráðs 2018-2019 gekk það “ótrúlega vel að ráða inn starfsmann” en það hafði aldrei verið gert áður, og var mælt með “að það yrði gert aftur”. Á síðasta ári fór ráðningarferlið þannig fram að umsækjandi sendi inn ferilskrá og kynningarbréf og tók stjórn Stúdentaráðs afstöðu til umsóknanna með atkvæðagreiðslu eftir tillögu skrifstofu Stúdentaráðs.

Nánar tiltekið fór skrifstofa Stúdentaráðs fór yfir umsóknirnar með tilliti til hæfniviðmiða og lagði fram röksemdarbréf til stjórnar Stúdentaráðs, sbr. tillaga sem var einróma samþykkt á fundi Stúdentaráðs 30. maí 2018. Stjórn Stúdentaráðs fór yfir umsóknirnar og röksemdarbréf skrifstofunnar og tók afstöðu til ráðningar á stjórnarfundi með atkvæðagreiðslu. Ofangreind tillaga sem er nú lögð fram er samhljóða tillögu síðasta árs að því undanskildu að ákvörðun stjórnar Stúdentaráðs verði borin undir verktaka til staðfestingar en sú ábending barst frá verktaka.

Hér má sjá auglýsingu um starfsmann í verkið frá því í fyrra. Að neðan má sjá áætlaða auglýsingu þessa árs þar sem helstu verkefni og ábyrgðarsvið auk hæfniviðmiða hafa verið uppfærð lítillga til að taka mið af þeim starfsskyldum sem í ljós kom á síðasta ári að starfsmaðurinn þyrfti að sinna og starfsskyldum starfsmannsins skv. samningi við Paxal ehf., Prime ehf. og Hlégarða ehf.

- JPP fer yfir málið. Við séum sammingsbundin samkvæmd samningi okkar við verktakana
- MÓG - Spyr út í röksemdafærslur þess að senda ekki út gögn? JPP segir persónverndarlög koma í veg fyrir að það sé hægt.
- KLK - Spyr hvort viðkomandi þurfi að vera í HÍ? JPP segir að það sé ekki nauðsynlegt.
- BSB - Spyr hvort þessi 30% nægi til að covera þá vinnu sem þurfi að vinna? JPP segir að þetta sé ákvarðað í samstarfi við verktakana þar sem þeir eru eiginlegir launagreiðendur.
- AC - Spyr hvort einstaklingum sé boðið í atvinnuviðtal? JPP segir að það sé ekki lagt til.
- MÓG - Spyr hver sé í rauninni að ráða? JPP svarar að tæknilega sé verktakinn yfirmaður starfsmannsins þar sem þeir greiði launinn, en í samræmi við samninginn fer ferlið í gegnum Stúdentaráð.
- MÓG - Ber upp breytingatillögu:
 - Breyting á tillögu um ráðningu starfsmanns í tengslum við Októberfest. Viðbótin legg ég til að bætist við í 3. mgr. 4. lína og er á þennan veg:

- “...sem tekur ákvörðun um ráðningu á faglegum grundvelli eftir stöðluðum hæfnisramma”.

- Kosið um breytingatillögu
 - *Einróma samþykkt.*
- Greidd atkvæði um tillögu í heild
 - *Einróma samþykkt*

E

7. Lánasjóðsfrumvarp í samráðsgátt (umræður) 17:40-18:50

FRESTAÐ

8. Hlé 18:50-19:00

9. *Frestað*

10. Lánasjóðsfrumvarp í samráðsgátt (atkvæðagreiðslur) 19:00-19:15

Frestað

11. Kynning á tilnefningum stúdenta í stjórn FS 19:15-19:45

Fært í dagskrárlið 2

12. Önnur mál 19:45-20:00

KLK vikur af fundi.

AÓS vikur af fundi

Tillaga vegna geðheilbrigðismála.

-- T I L L A G A --

um yfirlýsingu vegna stöðu á ráðningu sálfræðinga við Háskóla Íslands

Lagt er til að Stúdentaráð lýsi yfir áhyggjum af stöðu ráðningu sálfræðinga við Háskóla Íslands. Þá er lagt til að flutningsaðilar tillögunnar semji yfirlýsinguna og leggi fyrir Stúdentaráð með rafrænni atkvæðagreiðslu.

Flutningsaðilar: Eyrún Baldursdóttir, oddviti Röskvu

Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ

Margrét Ósk Gunnarsdóttir, oddviti Vöku.

Skýring:

Stúdentar hafa náð gríðarlegum árangri í að þrýsta á bætta geðheilbrigðisþjónustu fyrir stúdenta. Þann 4. apríl 2017 á fundi Stúdentaráðs lögðu Elísabet Brynjarsdóttir og Bjarni

Halldór Janusson, fulltrúar beggja fylkinga, fram sameiginlega tillögu þess efnis að Stúdentaráð Háskóla Íslands beiti sér fyrir fjölgun stöðugilda sálfræðinga við Háskóla Íslands og varpi ljósi á bága stöðu nemenda og skólans í þeim efnum. Við umræður um tillöguna á fundinum kom fram að baráttan til að ná árangri í þessum efnum snerist í raun og veru um aukið fjármagn í þetta málefni. Síðan þá hafa fjárframlög til háskólans aukist og háskólinn veitt 20 milljónum af því fjármagni í þennan málaflokk vegna baráttu og skýrra krafna stúdenta.

Í kjölfarið hafa meðferðarúrræðum sem standa stúdentum til boða fjölgað verulega, t.d. með HAM-hópmeðferðum og verkefniinu Sálrækt á vegum sálfræðiráðgjafarinnar. Árangur HAM-námskeiðanna birtist t.d. þannig að skor á GAD-7 (kvíðalista) var í upphafi að meðaltali 11,1 og við lok meðferðar 6,7 og lækkaði því um 4,4 stig að meðaltali. Á PHQ-9 (þunglyndiskvarði) var meðaltalið við upphaf 12,2 og við lok meðferðar 7,7 og lækkaði því að meðaltali um 4,5 stig. Sálrækt sem er áttak sálfræðisþjónustunnar sem fór í gang 2018-2019 hefur einnig skilað miklum árangri. Þátttakendur hafa lýst yfir ánægju með úrræðið í nafnlausri netkönnun og gáfu úrræðinu 9 af 10 í einkunn. Þátttaka í hópmeðferð hjá Sálrækt dró bæði úr þunglyndis- og kvíðaeinkennum skv. stöðluðum matskvörðum úr því að vera alvarleg/miðlungs einkenni í væg á báðum listum.

Þá hefur verið stofnaður starfshópur um geðheilbrigðismál þar sem fulltrúar starfsfólks og stjórnsýslu háskólans ásamt fulltrúa stúdenta eiga sæti en forseti SHÍ situr í hópnum sem fulltrúi stúdenta. Hópurinn vinnur markvisst að því að deila fjármagninu í verkefni sem eiga að bæta geðheilbrigðisþjónustu stúdenta.

Fyrir ári síðan stóð til að ráða tvo sálfræðinga til viðbótar við þann eina sem starfaði við skólann á þeim tíma. Einn sálfræðingur hefur verið ráðinn inn af þessum tveimur en ekkert bólar á hinum. Samkvæmt upplýsingum stúdenta eru ástæður þess að ráðningin tefjist þær að ekki hefur verið hægt að finna útúr því í hvaða skrifstofuhúsnæði viðkomandi sálfræðingur myndi starfa.

Háskóli Íslands hefur gert því hátt undir höfði að verið sé að svara kalli stúdenta með aukinni geðheilbrigðisþjónustu. Þá verður ekki framhjá því litið að HÍ hefur gert margt mjög vel í kjölfar ákalls stúdenta. Hins vegar er töf á ráðningu sálfræðings um heilt ár af framangreindum ástæðum ekki til þess fallin að sýna að málið hafi forgang. Ekkert má gefa eftir og telur Stúdentaráð niðurstöður úr þeim meðferðarúrræðum sem boðið er uppá bera þess merki að margt og mikið er hægt að gera sem getur skipt sköpum við að bæta geðheilbrigðisþjónustu stúdenta.

Því er mikilvægt fyrir Stúdentaráð að fylgja málinu vel eftir. Yfirlýsing um áhyggjur stúdenta af því að málið sé að tefjast og að rúmlega ár hafi liðið frá loforði um þrjá sálfræðinga við

skólann án þess að því sé fylgt eftir, er því tímabær og mikilvæg í að sýna samstöðu og vilja stúdenta til þess að gera vel í þessum málum.

JÞP - Fer yfir forsöguna. Það er að virka fyrir stúdenta það sem háskólinn er að gera og því tilefni til að þrýsta á aframhald.

AE - Hvort það væri ekki vandræði með núverandi húsnæði. JÞP segir að sá sem var ráðinn sé að vinna við ófullnægandi aðstæður. En eftir að fundur JÞP og rektors með Steinunni var haldinn var farið í að laga lekann. Það er hluti af þessari tillögu.

- Lagt til samþkktar:
- ***Einróma samþykkt.***

IAS með önnur mál og leggur fram bókun

Helgi hefur lagt upp úr því viðhafa nútímalega kennsluhætti m.a með því að taka upp fyrirlestra og er einn af fáum kennurum innan lagadeildar sem tekur upp fyrirlestra. Því eru rökkin að hann birti ekki nægilega margar ritrýndar greinar ekki næginleg rök. Hann er metnaðarfullur kennari og leggur mikið upp úr því að nemendur læri efnið og viðhefur nútímalegar kennsluáðferðir

JÞP - segir að hún og Guðjón fari á fund með viðeigandi aðilum til að skoða málið betur.

AE - Er tillaga til að breyta því hvernig starfsmenn eru metnir? JÞP - segir að það sé verið að endurmeta og endurvinna það innan skólans.

AC - Spyr hvort raunverulega sé farið eftir þessum kennslukönnunum? JÞP segir að það sé ekki verið að gera það með markvissum hætti þar sem kannanirnar eru oft líklegar til eineltis og óviðeigandi ummæla en það sé endurskoðun á þeim í gangi sem hún mun grennslast meira fyrir um.

JMHA - Vikur af fundi

MÓG með önnur mál og leggur fram bókun

Bókun Margrétar Óskar Gunnarsdóttur á Stúdentaráðsfundi þann 27. júní 2019

Stúdentaráðsliðar Vöku vilja lýsa yfir óánægju með verklag stjórnar Stúdentaráðs við

ráðningu í stjórn FS. Stjórn Stúdentaráðs samanstendur af forsetum allra sviða, ásamt forseta og varaforseta SHÍ, samtals 7 einstaklingum. Í þeim störfum sem um ræðir felst fjáruþlutun í ýmis verkefni FS, m.a. til Stúdentagarða og leikskóla. Starfið er gríðarlega ábyrgðarfullt og gjörðir þeirra sem sitja í stjórn hafa bein áhrif á nemendur við skólann. Vert er að taka fram að stjórnarseta í FS er launað starf.

Við leggjum fram þessa bókun í ljósi þess hve ófagmannlegt ráðningarferlið var en val stjórnar SHÍ um umsækjendur til stjórnar FS fór fram um klukkutíma eftir að umsóknarfresturinn rann út.

Við listum hér nokkur atriði sem stungu okkur í ferlinu.

- Ferilskrár umsækjenda og kynningarbréf voru ekki aðgengileg fyrir fundinn þar sem tekin var ákvörðun um ráðninguna. Því fengu fundarmenn ekki hæfilegan tíma til að kynna sér umsækjendur gaumgæfilega. Ákvörðun sem hefur jafn mikil áhrif á hagsmuni stúdenta á ekki að vera tekin á örfáum mínútum. Við teljum ómögulegt að meta hæfni umsækjenda á svo stuttum tíma og það verklag er stjórn Stúdentaráðs til skammar.
- Engin ráðningarviðtöl voru haldin og umsækjendur fengu því ekki tækifæri til að koma og kynna sig nánar en með ferilskrá og kynningabréfi. Það er einstaklega óeðlilegt fyrir ráðningarferli, sérstaklega þar sem einungis hluti umsækjenda þekkir til þeirra sem ákvörðunina tóku.
- Ekki hafði verið settur upp neins konar hæfnisrammi og/eða stigagjöf við mat á hæfni umsækjenda fyrir fundinn, sem tryggir með öruggari hætti að umsækjendur séu metnir á faglegum forsendum.

Á Stúdentaráðsfundi 13. mars sl. samþykktu Stúdentaráðsliðar Vöku að verklagið við ráðninguna yrði með svipuðum hætti og við ráðningar á skrifstofu ráðsins. Munurinn á þeim ferlum var gríðarlegur. Við teljum sem svo að ekki hafi verið farið eftir svipuðu verklagi og að samþykki okkar fyrir tillögunni sé brostið. Megin munurinn á ferlunum var að við ráðningar á skrifstofuna er skipuð ráðningarnefnd, með fulltrúm beggja fylkinga sem fer yfir umsækjendur og skilar áliti til stjórnar SHÍ sem síðan tekur ákvörðun. Það þarf ekki að útskýra fyrir Stúdentaráðsliðum að við slíkar ákvarðanir er gríðarlega mikilvægt að hafa aðkomu allra þeirra fylkinga sem skipa Stúdentaráð hverju sinni og að fylgt sé faglegum verkefnum. Það kemur í veg fyrir frænd- og vinahygli.

Tilgangur þessarar bókunar er að vekja athygli á ámælisverðum vinnubrögðum stjórnar en er á sama tíma fyrsta skref í átt að því að koma á skýrari reglum varðandi ráðningu í stjórn FS. Við í Vöku viljum tryggja fagmannlegar og skýrar reglur SHÍ þegar kemur að skipun í embætti og stjórnarsetur á vegum SHÍ/HÍ.

Bókun; JPP

*Stúdentaráðsfundur
27. júní 2019*

B Ó K U N

af hálfu forseta Stúdentaráðs

Á kjörfundi Stúdentaráðs þann 13. mars 2019 var lögð fyrir Stúdentaráð tillaga um ferli við skipun fulltrúa stúdenta í stjórn Félagsstofnunnar Stúdenta (FS). Á fundinum var spurt eftir útskýringum á því hvað tillagan snerist um af fulltrúa Vöku sem er einnig sitjandi formaður fylkingarinnar og svaraði forseti Stúdentaráðs þeim spurningum á þá leið að kominn sé tími til að skipa fulltrúa stúdenta í stjórn FS því síðast var skipað 2017. Fram kom að skipunartími sé til tveggja ára í senn en engin föst regla hafi verið um skipun þessa fulltrúa en í ár sé lagt til að fara svipaða leið og með ráðningar og var það útskýrt á þann veg að auglýst yrði eftir umsóknum og umsóknir svo lagðar fyrir stjórn Stúdentaráðs sem myndi greiða atkvæði um tillögurnar. Á kjörfundinum lagði forseti svo til fundarhlé. Eftir fundarhlé var tillagan formlega tekin upp enda næsti dagskrárliður og var tillagan lesin upp og útskýrð að nýju. Hún var svohljóðandi:

Samkvæmt 3. gr. í reglugerð fyrir Félagsstofnun stúdenta (FS) við Háskóla Íslands kýs Stúdentaráð 3 menn og 3 varamenn til tveggja ára í senn í stjórn FS. Síðast kaus Stúdentaráð í stjórn 2017 og því er kominn tími til að kjósa fulltrúa stúdenta í stjórn aftur.

Í lögum Stúdentaráðs kemur ekki fram hvernig skipunin skuli fara fram. Í gegnum árin hefur verið allur gangur á því hvernig, og hvort, þetta hefur verið gert. Í ár er lagt til að skipun í stjórn FS lúti svipuðu verklagi og ráðningar starfsfólks á skrifstofu Stúdentaráðs, þ.e. Stúdentaráð auglýsir formlega eftir umsóknum í stjórnina. Stjórn Stúdentaráðs 2019-2020 tekur umsóknirnar fyrir og velur þrjá aðalmenn og þrjá varamenn í stjórn á grundvelli hæfni. Val stjórnar verður að lokum lagt fyrir nýtt Stúdentaráð á fyrsta fundi ráðsins eftir skiptafund.

Stjórn FS hefur nýtt rekstrarár 1. júní 2019 og er því einnig lagt til að nýir stjórnarmeðlimir taki við eftir þá dagsetningu.

Í umræðum um tillöguna kom upp að menn ættu að vera fulltrúar en forseti svaraði því að um sé að ræða orðalag reglugerðar FS sem sé tekið upp í tillögunni. Spurt var hvort staðan væri launuð og því var svarað játandi. Oddviti Vöku spurði hvort staðan hafi verið launuð hingað til og hvert hlutfallið sé og svaraði forseti því játandi og að greitt sé fyrir fundarsetu. Ekki bárust fleiri á mælendaskrá og engar breytingartillögur í kjölfar umræðna og útskýringa og var því gengið til atkvæðagreiðslu og tillagan **einróma samþykkt**.

Vegna bókunar fulltrúa Vöku leggur forseti áherslu á:

- Ekki kom fram tillaga um ráðningarviðtöl frá neinum fulltrúum Stúdentaráðs og var útskýrt fyrir Stúdentaráðsliðum að svo yrði ekki sbr. samþykkt fundargerð kjörfundar.
- Forseti leggur áherslu á að ferilskrár og kynningarbréf innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar.
- Engar athugasemdar voru gerðar við verklagið að lokum stjórnafundar af fulltrúa Vöku þar sem skipunin var tekin fyrir.

Forseti telur mikilvægt að rekja forsögu málsins að nokkru leyti. Því skal haldið til haga að haft var samráð við oddvita beggja fylkinga í Stúdentaráði 2018-2019 og 2019-2020 og borið upp við þá aðila að árið 2019 þyrfti að skipa nýja fulltrúa í stjórn FS og það yrði að gerast fyrir júní. Í samtölum við þá fulltrúa voru ekki gerðar athugasemdir við að þessi framkvæmd yrði lögð til. Þá var haft samráð við framkvæmdastjóra FS auk þess að stjórnarmönnum FS var gerð grein fyrir, a.m.k. í tvígang að auglýst yrði eftir umsóknum um fulltrúa stúdenta í stjórn FS og að stjórn Stúdentaráðs myndi taka umsóknirnar fyrir og kjósa um fulltrúa stúdenta í stjórn FS.

Forseti leggur áherslu á að við undirbúning þessa máls, kynningu þess og loks umræðu á Stúdentaráðsfundi hafi Stúdentaráðsliðar Vöku ekki séð þá galla á málinu sem þeir telja að eigi við í dag og það sé miður. Forseti telur óábyrgt af þessum aðilum að skella skuld á skrifstofu, forseta Stúdentaráðs eða aðra aðila þegar ferli málsins var eins og framan er rakið, þ.e.a.s borið undir tengiliði beggja fylkinga, kynnt á Stúdentaráðsfundi í tvígang, lagt til umræðu og spurninga og að lokum atkvæðagreiðslu á fundinum, en sem fyrr segir fór atkvæðagreiðslan þannig að ferlið var samþykkt einróma. Forseti telur að fulltrúar þurfi að taka ábyrgð á eigin yfirsýn um þau atriði sem gátu komið sér illa að þeirra mati þar sem ábyrgð og skyldur skrifstofu Stúdentaráðs um upplýsingar, gagnsæi og vinnu samkvæmt vilja Stúdentaráðs var uppfyllt til hins ítrasta.

Þá leggur forseti áherslu á að hæfir aðilar hafa verið skipaðir í stjórn FS í kjölfar þessa ferlis og sé ósanngjarn gagnvart þeim aðilum að bendla ferlið við frændhygli, sérstaklega í ljósi þess að fulltrúi Vöku gerði ekki athugasemdir við lokaniðurstöðu ferlisins á fundinum sem það fór fram.

Jóna Þórey Pétursdóttir
Forseti Stúdentaráðs 2019-2020

Mælendaskrá opin.

MÓG - Auðvitað er miður að þetta hafi farið svona. Bókunin tekur á því hvað gerðist fram að þeim punkti þar til því var snúið síðan við. JPP gerir athugasemd við að slík bókun sé borin upp þar sem sátt hafi náðst meðal allra aðila um öll þau atriði sem voru til umræðu á fundi stjórnar við framkvæmd skipunarinnar.

TLJ - Koma því á framfæri að hún sat á þessum fundi sem varafulltrúi fyrir Róbert. Skilur að bókunin eigi að vera fyrirbyggjandi en öll þau atriði sem séu tilgreind í bókuninni hafi verið tækluð á fundi stjórnarinnar og allir hafi skilið við fundinn í sátt, þ.á.m. fulltrúi Vöku sem hafi sérstaklega verið spurð. Segir að hennar skilningur var að komið var til móts við athugasemdir í sátt og góðu samstarfi.

RP - Forvitni - Er þá breytingin hjá Vöku að leggja til að skipunarferli í FS verði eins og ráðningar á skrifstofu? MÓG - Segir nei alls ekki. Vill yfirfara verklag.

JPP - Segist vilja setja inn í lög SHÍ, ekki aðeins varðandi þetta heldur nánari framkvæmd um skipanir og tilnefningar SHÍ í ráð og nefndir. Vill ekki að heildarendurskoðun standi ein og sér en segir fulltrúa Vöku ekki vera að leggja neitt til.

MÓG - Sammála því að þetta eigi að vera í lögum og mikil vinna sé eftir. Bregðast við Tinnu að þrátt fyrir að allir hafi verið sammála um lokaniðurstöðu, sé tillagan fyrirbyggjandi.

IAS - Vantaði betri hæfniskröfur. Svona stjórnarseta krefst þess að fólk hafi þekkingu á almennum stjórnarstöfun innan fyrirstæka. Var meira verið að einblýna inná hagsmuni stúdenta.

JPP bókar:

Forseti bókar að vinnulag við áðurgreinda bókun Vöku, í ljósi fundarloka stjórnarfundarins þar sem ferlið átti sér stað sem var í fullri sátt við oddvita Vöku, sé ekki til þess fallið að stuðla að því góða samstarfi og samtali var og hefur verið í gangi milli skrifstofu og oddvita þar sem forseti taldi vera *sátt við málalok frá öllum aðilum* fram að þessu.

Þetta er ekki til að stuðla að eins góðu samtali og hún hélt að væri komið í gang. Hún hélt í einlægni að það væri búið að komast að sameiginlegri niðurstöðu.

- HLM - Tiltekur að samráð og samstarf sé miklu betra en þegar litið er aftur í tímann.

Það sé ekki gott ef eitthvað á að verða til þess að það hætti eða fólk fari að rífast. JPP og MÓG sammála um að það sé ekki það sem sé í gangi, búast við góðu samstarfi í framhaldinu þrátt fyrir aths. v þessa máls.

- EB - Auðvitað er alltaf hægt að bæta sig - Hún var ekki á þessum fundi. Allir voru að gera sitt besta. Leggur til að það verði tekið saman í skýrslu SHÍ.

Fundi lýkur